

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 22. desember 1995, staðfest breytingar á aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000 frá 20. desember 1982.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Útlínur hafnarinnar breytast.
- Vegakerfi breytist á þann hátt að Árbæjarkantur framlengist að Grundargarði og Hafnargata stýttist og nær ekki lengra en að Hólsá.
- Íbúðareitur stækkar og verður blandaður reitur fyrir íbúðir, uppsátur og bátanaust.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Bolungarvíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 22. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

28. desember 1995

Nr. 705

REGLUR

um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði til endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeiða fyrir atvinnulausa.

1. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að úthluta styrkjum úr sjóðnum til námskeiða fyrir atvinnulausa til skerðingar á biðtíma að afloknu bótatímabili.

2. gr.

Þau námskeið eru styrkhæf sem skipulögð eru með þarfir atvinnulausra í huga, annað hvort atvinnulausra almennt eða ákveðinna hópa þeirra, og hafa að markmiði að auðvelda atvinnulausum að fá vinnu.

Heimilt er að styrkja almenn starfsmenntunarnámskeið ef sýnt þykir að þau geti nýst atvinnulausum jafnvel og námskeið sem sérstaklega eru ætluð þeim.

3. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal fyrir hvert ár gera áætlun um hversu miklu fjármagni skuli varið til námskeiða fyrir atvinnulausa á því ári til að unnt sé að fullnægja rétti atvinnulausra til að sækja endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeið, sbr. 5. mgr. 22. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Áætlun stjórnar skal lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

4. gr.

Starfsmenntaráð, sbr. 5. gr. laga um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992, annast undirbúning úthlutana og leggur tillögur sínar um úthlutun fyrir stjórn Atvinnuleysis-